

Heilbrigð sál – hvernig miðar?

Ásta R. Jóhannesdóttir skrifar um geðheilbrigðismál

Í SÍÐUSTU viku flutti heilbrigðisráðherra skýrslu á Alþingi um stöðu geðheilbrigðismála í kjölfar utandagskrárumræðu að frumkvæði mínu í vetur um stöðu geðsjúkra og þjónustu við þá. Þar kom fram að ýmis vinna er í gangi hjá ráðherra og að hann tekur ástandið í málaflóknum alvarlega, en betur má ef duga skal.

Opin umræða

Jákvætt er hve umræðan um geðheilbrigðismál er opin og fordómaminni en áður. Félagasamtök, einstaklingar, geðsjúkir og aðstandendur þeirra hafa komið að þessum málaflökki í auknum mæli með athyglisverðar nýjungar, sem er fagnaðarefni. Geðræktarverkefnið

nefni ég fyrst, en það fékk nýverið viðurkenningu WHO. Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Einnig er vert að geta um verkefnið „Notandi spyr notanda“, gæðaáttak geðsjúkra og aðstandenda þeirra, Rauða krossinn, klúbbinn Geysi og Geðhjálp, svo nokkuð sé nefnt. Allt þetta framtak er mjög dýrmaett og má ekki vanmeta.

Markmiðin í heilbrigðisáætlun til 2010 – of langt í land

Markmið er að bæta aðgengi og fjölgja meðferðarúrræðum. Hvernig er staðan nú 2005? Sem dæmi um ástandið bíða nú í febrúar samtals 390 sjúklingar eftir meðferð á geðsviði Reykjalundar, – í október biðu yfir 380 sjúklingar. Ekkert hefur þokast þar, en biðin er á annað ár.

Enn er algengur biðtími eftir tíma hjá geðlækni 3–5 mánuðir. Vonandi skánar ástandið eitthvað á næstu mánuðum í kjölfar nýrra samninga við lækna, en það á eftir að koma í ljós. Göngudeildarúrræði vantar tilfinnanlega þrátt fyrir viðbótar fjárveitingar og sömuleiðis meðferðarúrræði með lyfjagjöf og eftirfylgni. Annað markmið í heilbrigðisáætlun til 2010 er að geðheilbrigðisþjónustan nái til 2% barna á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu. Þar er enn of langt í land því þjónustan

nær til 0,7%. Ég virði viðleitni ráðherra með teymi á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi, sem er reyndar tilraunaverkefni, en slík þjónusta þarf að koma víðar. Norðmenn hafa sett geðheilbrigðisþjónustu við börn í forgang og bjóða upp á ókeypis þjónustu og hafa náð að meðhöndla 3% barna.

Afleitt ástand hjá skólabörnum með geðraskanir

Þörf skólabarna með geðraskanir hefur alls ekki verið mætt. Þar er ástandið slæmt. Allar skilgreiningar vantar á þjónustustigunum þremur og ráðgjafarþjónusta er lítil. Löng bið er eftir þjónustu Barna- og unglingageðdeildar og lítil sem engin eftirfylgni þegar börnin koma þaðan. Slíkt er óviðunandi. Alvarlegt er að algjörlega vantar úr-

ræði fyrir börn með miklar geðraskanir. Við það verður heldur ekki un-

að. Heilbrigðisráðherra hefur sjálfur sagt að börn sem glíma við alvarlegar hegðunar- og geðraskanir geti átt erfiða framtíð fyrir höndum ef ekki tekst að grípa skjótt inn í vanda þeirra með viðeigandi úrræðum. Hætta er á að börnin leiðist út í vímuefnaneyslu og glæpi ef ekki fæst meðferð snemma. Allir tapa – barnið sjálft, fjölskylda þess og samfélagið í heild.

Tryggjum börnum meðferð – lyf eru skammtímalausn

Virðingarverð er viðleitni ráðherra til að reyna að ná niður lyfjakostnaði ríkisins. Hjá börnum með geðraskanir hefur lyfjanotkun aukist geigvænlega, hún hefur áttfaldast á 5 árum og það að hluta til vegna þess að önnur úrræði eru ekki í boði. Danskur sálfræðingur sem var hér á dögum benti á að lyf væri skammtímalausn hjá börnum og ráðist ekki að rótum vandans þótt þau slái á einkennin. Hann hvattí okkur Íslendinga til að nota annarskonar meðferðir vegna geðraskana barna en lyfjameðferð. Lítum til reynslu nágrannaþjóða okkar og lærum af henni. Ógnvænlegar eru fréttir um að 10% fimm ára barna

Ég fagna áherslu á geðrækt og þátttöku notenda í mótun stefnunnar.6

séu með geðraskanir og að ársögmul börn séu á þunglyndislyfjum. Ljóst er að þjónusta skortir og ákvörðun um hver skuli veita hana, en á meðan líða börnin. Auknar fjárveitingar leysa ekki allan vanda – skipulagið verður að vera í lagi.

Styrkjum fjölskylduna

Staða fjölskyldunnar hefur veikt á undanförunum árum, eins og m.a. biskupinn og forseti Íslands hafa bent á og hana þarf að styrkja. Fjölskyldan verður að geta lagt sitt af mörkum til að bæta ástandið og taka á þessum heilbrigðisvanda sem hrjáir fleiri börn hér á landi en í nágrannalöndunum.

Ég vil nefna annan stóran heilbrigðisvanda sem er þunglyndi og annar geðrænn vandi vegna offitu, sem farin er að hrjá bæði börn og fullorðna. Því þarf að taka á með heildstæðum hætti og þar er hlutur fjölskyldunnar mikilvægur.

Miklar samfélagslegar breytingar hafa ýmsar geðraskanir í för með sér og þurfa úrlausn í heilbrigðisþjónustunni. Börn með flókin fjölskyldumynstur sýna meiri þunglyndiseinkenni samkvæmt nýjustu könnunum, svo dæmi sé tekið. Um menntunarmál geðsjúkra og áttak í að koma þeim út í lífið þarf að ríkja sátt og stöðugleiki. Uppnám eins og varð í vetur vegna ótryggrar framtíðar Fjölmennar og Geðhjálparverkefnisins er ólíðandi fyrir svo viðkvæman hóp.

Mikilvæg stefnumótunarvinna fram undan

Fram undan er mikilvæg vinna í kjölfar undirskriftar ráðherra í Helsinki nýverið undir aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Ég fagna áherslu á geðrækt og þátttöku notenda í mótun stefnunnar. Í dag, laugardag kl. 13.00, ræðir Samfylkingin geðheilbrigðismálin á ráðstefnu í Versölum og hvet ég alla sem áhuga hafa á málaflóknum að leggja umræðunni lið.

Höfundur er alþingismaður.



Ásta R. Jóhannesdóttir